

## Svar

### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Álfheiði Eymarsdóttur um kostnað ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna kaupa og notkunar á Microsoft-hugbúnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu miklum fjármunum hefur verið ráðstafað árlega undanfarin fimm ár í leyfisgjöld til Microsoft vegna nota af hugbúnaði og stýrikerfum í ráðuneytinu og undirstofnunum þess? Svar óskast sundurliðað fyrir ráðuneytið og hverja undirstofnun og jafnframt eftir leyfum vegna Windows-stýrikerfa, leyfum vegna Microsoft Office-hugbúnaðarsvíta og leyfum vegna annars hugbúnaðar frá Microsoft.*

Svar við fyrirspurninni birtist í eftirfarandi töflum. Tölur byggjast á upplýsingum sem aflað var hjá viðkomandi stofnunum. Tölur fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins koma frá Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins.

Á árinu 2017 var innanríkisráðuneytinu skipt upp í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti annars vegar og dómsmálaráðuneyti hins vegar. Árið 2018 var fyrsta eiginlega rekstrarár beggja ráðuneyta þar sem sameiginlegum kostnaði var ekki skipt upp árið 2017. Tölur fyrir árin 2014–2017 eiga því við um innanríkisráðuneytið í heild sinni. Allar tölur eru með virðisaukaskatti.

#### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, aðalskrifstofa

	2014*	2015*	2016*	2017*	2018
Windows-stýrikerfi	102.535				
Office-hugbúnaðarsvíta	66.058	232.954	26.646	3.800.111	2.159.243
Annar hugbúnaður frá Microsoft				2.577	2.107
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>168.593</b>	<b>232.954</b>	<b>26.646</b>	<b>3.802.688</b>	<b>2.161.350</b>

\* Tölur eiga við um innanríkisráðuneytið árin 2014 – 2017, en samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið árið 2018. Fram til ársins 2017 nýtti Stjórnarráðið eldri Office-hugbúnað sem keyptur var á árinu 2009 en á árinu 2017 var uppfært í Office 365. Windows-stýrikerfið hefur fylgt með keyptum tölvum og er kostnaður við uppfærslur óverulegur sl. 5 ár.

#### Vegagerðin

	2014	2015	2016	2017	2018*
Windows-stýrikerfi	64.420	2.213.550	2.931.145	2.631.351	368.812
Office-hugbúnaðarsvíta	8.185.518	509.461	516.012	1.432.733	4.912.617
Annar hugbúnaður frá Microsoft	308.645	3.663.385	6.177.251	2.472.234	3.973.923
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>8.558.583</b>	<b>6.386.397</b>	<b>9.624.409</b>	<b>6.536.318</b>	<b>9.255.352</b>

\* Til viðbótar greiddi Vegagerðin 7.175.000 kr. til Fjársýslu ríkisins fyrir alls 306 Office 365-leyfi sem hluta af samningum sem ríkið gerði við Microsoft árið 2018. Fjársýslan á hins vegar eftir að endurgreiða áður útlagðan kostnað vegna ársins 2018.

**Póst- og fjarskiptastofnun**

	2014	2015	2016	2017	2018
Windows-stýrikerfi	288.240	331.571	321.435	303.719	0
Office-hugbúnaðarsvíta	782.361	705.965	62.508	840.346	1.154.275
Annar hugbúnaður frá Microsoft	1.062.140	208.228	608.234	661.342	218.164
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>2.132.741</b>	<b>1.245.765</b>	<b>992.177</b>	<b>1.805.407</b>	<b>1.372.439</b>

**Samgöngustofa**

	2014	2015	2016	2017	2018
Windows-stýrikerfi	1.311.425	1.158.598	1.143.837	1.059.170	1.310.810
Office-hugbúnaðarsvíta *	3.559.582	3.144.765	2.682.502	2.483.942	3.999.071
Annar hugbúnaður frá Microsoft	5.066.801	4.869.987	4.542.645	4.006.720	4.564.012
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>9.937.808</b>	<b>9.173.350</b>	<b>8.368.983</b>	<b>7.549.832</b>	<b>9.873.893</b>

\* Innifalið í kostnaði vegna ársins 2018 eru 24.987 kr. sem greiddar voru fjármálaráðuneytinu vegna nýrra leyfissamninga við Microsoft.

**Þjóðskrá Íslands**

	2014	2015	2016	2017	2018*
Windows-stýrikerfi	6.089.936	6.556.068	6.547.438	5.705.673	6.396.266
Office-hugbúnaðarsvíta	12.656.623	13.625.317	13.607.266	10.552.894	12.059.099
Annar hugbúnaður frá Microsoft	7.728.910	8.320.512	9.509.044	7.374.119	8.118.317
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>26.475.469</b>	<b>28.501.897</b>	<b>29.663.748</b>	<b>23.632.686</b>	<b>26.573.682</b>

\* Ofangreindur kostnaður er vegna Þjóðskrár Íslands, dómstólaráðs og níu sýslumannsembætta auk Landsréttar frá og með 2018. Í kjölfar útboðs á Microsoft-leyfum á vegum fjármálaráðuneytisins barst Þjóðskrá Ísland aukareikningur í lok árs 2018. Ekki hefur fengist sundurliðun á þeim reikningi og getur stofnunin því ekki sundurliðað svar sitt nákvæmlega fyrir síðastliðið ár.

**Byggðastofnun**

	2014	2015	2016	2017	2018
Windows-stýrikerfi					
Office-hugbúnaðarsvíta	852.638	844.019	1.013.844	1.127.348	1.227.848
Annar hugbúnaður frá Microsoft	1.189.299	1.176.623	1.010.516	1.780.597	1.125.402
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>2.041.937</b>	<b>2.020.642</b>	<b>2.024.360</b>	<b>2.907.945</b>	<b>2.353.250</b>

**Rannsóknanefnd samgönguslysa**

	2014	2015	2016	2017	2018
Windows-stýrikerfi	65.943	69.378	65.481	58.554	76.457
Office-hugbúnaðarsvíta	175.468	187.656	177.116	137.320	179.306
Annar hugbúnaður frá Microsoft	64.872	101.220	147.438	119.062	124.536
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>306.283</b>	<b>358.254</b>	<b>390.035</b>	<b>314.936</b>	<b>380.299</b>